

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 446/1994.

**Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Lárusi Stefánssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Refsiákvörðun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. nóvember 1994. Af hálfu ákærða var málinu upphaflega áfrýjað „til endurskoðunar á niðurstöðum, sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi sem og endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga“. Með yfirlýsingu 26. janúar sl. lýsti ákærði yfir, að fallið væri frá kröfu um endurskoðun á sakarmati héraðsdómara. Fellst ákærði á niðurstöðu hans um sakfellingu, að því er tekur til innflutnings á 1000 skömmtum af lýsergíði (LSD) frá Hollandi hingað til lands, og um sýknu af þeim þætti ákæru að hafa selt 430 skammta af efninu. Endanleg krafa ákærða er sú, að refsing sín samkvæmt héraðsdómi verði milduð. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs. Ekki er áfrýjað til sakfellingar samkvæmt þeim hluta ákæru, sem héraðsdómari sýknar ákærða af.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er brot ákærða réttilega heimfært til refsiakvæða.

Með héraðsdómi er ákærði sakfelldur fyrir innflutning á miklu magni af LSD hingað til lands í þeim tilgangi að selja efnið. Stóð ákærði að þessum innflutningi á hættulegu efni í samvinnu við annan mann. Með broti sínu hefur ákærði jafnframt rofið skilorð dóms frá 23. september 1993, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í

fjóra mánuði fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þar af tvo mánuði skilorðsbundið. Verður ekki séð, að skilorðsbundni hluti dómsins hafi verið dæmdur með í dómi yfir ákærða, sem kveðinn var upp 15. október 1993 né heldur hafi þessa verið gætt við ákvörðun refsingar samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 60. gr., 1., 3., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr., og 77. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu, sakaferli ákærða og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 24 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku efna og sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Lárus Stefánsson, sæti fangelsi í 24 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 11 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ávana- og fíkniefnis og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1994.**

Ár 1994, föstudaginn 23. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-540/1994: Ákærvaldið gegn X, Lárusi Stefánssyni og Y, en málið var tekið fyrir 2. september sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, hinu fyrra dagsettu 16. ágúst 1994, á hendur

„1. X [...],

2. Lárusi Stefánssyni, Ásgarði 73, Reykjavík, kennitala 180773-3989, og

3. Y[...]

fyrir eftirtalin brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

## I.

Ákærðu X og Lárusi er gefið að sök að hafa 30. desember 1993 flutt um 1000 skammta af lýsergíði (LSD) hingað til lands frá Amsterdam, þar sem þeir keyptu efnið, í því skyni að selja það hérlendis með hagnaði, daginn eftir skipt efninu með sér að jöfnu í Reykjavík og ráðstafað því með eftirgreindum hætti:

## A. Ákærði X:

Selt ótilgreindu fólki samtals um 170 skammta á 1000–1500 kr. hvern skammt, gefið samtals um 40 skammta, haft 100 skammta af efninu í vörslum sínum í bifreiðinni Ö-1094 við handtöku 14. janúar 1994 á Kringlumýrarbraut í Reykjavík og haft 181 skammt í geymslu að Óttuhæð 9 í Garðabæ, þar sem lagt var hald á þá síðar sama dag.

## B. Ákærði Lárus:

Selt samtals 430 skammta af efninu ótilgreindu fólki á 1000 kr. hvern skammt og átt 55 skammta eftir í vörslum sínum á þáverandi dvalarstað sínum að Hraunbæ 182 í Reykjavík, er lögregla gerði þar húsleit aðfaranótt 15. janúar 1994.

---

## III.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þess er enn fremur krafist, að framangreint lýsergíð, sem lagt var hald á, samtals 336 skammtar, verði gert upptækt, og jafnframt, að ákærði Lárus sæti upptöku á 40.000 kr., sem hann aflaði með sölu lýsergíðs, samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.“

---

*Niðurstöður.*

---

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Lárusar undir frumrannsókn málsins, sem studdur er framburði meðákærða X, sem rakið var, og jafnframt studdur öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem í ákæru greinir, utan ekki er sannað gegn eindreginni neitun

ákærða, að hann hafi selt þá 430 skammta af LSD, sem ákært er út af. Ákærði Lárus er því sýknaður af þeim þætti þessa kafla ákæru, en sakfelldur að öðru leyti, þ. á m. að hafa staðið að innflutningi efnisins til landsins í söluskyni.

---

Ákærði Lárus hefur hafnað upptökukröfu á 40.000 kr. Svo sem rakið var, bar ákærði Lárus hjá lögreglu, að hann hefði fengið 40.000 kr. frá meðákærða X af sölu fíkniefna, en hann hefði vonast til að fá um 500.000 kr. í sinn hlut af fíkniefnasöluinni. Meðákærði X bar, að ákærði Lárus hefði sjálfur ætlað að annast dreifingu á sínum efnishluta. Þótt líklegast sé, að ákærði Lárus hafi selt hluta af þeim 500 skömmtum af LSD, sem komu í hans hlut, enda vakti það fyrir honum með kaupum og flutningi efnisins til landsins, er salan ekki sönnuð, svo sem rakið var að framan. Dómurinn telur því ekki hægt að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi og eins og framburði meðákærða X er háttað, að hluti þess fjár, sem lagt var hald á við húsleit á heimili ákærða aðfaranótt 15. janúar sl., sé andvirði seldra fíkniefna. Þá verður ekki heldur fullyrt, að ákærði hafi selt fíkniefni fyrir jafnvirði 40.000 kr. og þannig skapað skilyrði fyrir því að beita jafnvirðisupptöku, sbr. 3. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs er hafnað upptökukröfu ákæruvaldsins á 40.000 kr.

---

Ákærði Lárus hefur frá árinu 1990 hlotið sex refsídóma fyrir skjalafals, þjófnað, líkamsárás og fjársvik. Fjórir fyrstu dómarnir voru skilorðsbundnir, en þar af voru þrír dómar hegningaraukar. Ákærði hlaut síðan fjögurra mánaða fangelsisdóm í september 1993, þar af voru tveir mánuðir skilorðsbundnir. Loks hlaut ákærði átta mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað 15. október sl.

---

Refsing ákærða Lárusar þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákvörðuð 18 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivistinni komi 11 daga gæsluvarðhald ákærða.

Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsins vísast til 76. gr. almennra hegningarlaga.

D ó m s o r ð:

---

Ákærði Lárus Stefánsson sæti fangelsi í 18 mánuði, en til frádráttar refsivist komi 11 daga gæsluvarðhald hans.

---

Ákærði Lárus greiði 50.000 kr. í málsvarnarlaun Helga Jóhannessyni héraðsdómsslögmanni.

— — —

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. á m. 50.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

---